

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 166/2020

2023/EES/66/21

frá 23. október 2020

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/519 frá 3. apríl 2020 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir úrgangsstjórnunargeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1eap (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/63) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1eap. **32020 D 0519**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/519 frá 3. apríl 2020 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir úrgangsstjórnunargeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. ESB L 115, 14.4.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2020/519, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. október 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. október 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 115, 14.4.2020, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.